

Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU

Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Ormsvöllur 1, 860 Hvolsvelli

FUNDARGERÐ

25. fundur stjórnar *Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu* haldinn þriðjudaginn 9. maí 2017, klukkan 14:00 í Litla salnum í Hvolnum á Hvolsvelli.

Mætt eru: Lilja Einarsdóttir, Guðmundur Pétur Guðgeirsson, Edda Antonsdóttir, Auðbjörg B. Bjarnadóttir, Brynja J. Jónasdóttir, Sólrún H. Guðmundsdóttir, Helga Lind Pálsdóttir og Þorgerður H. Gísladóttir sem ritaði fundargerð á tölvu.

Helga Lind Pálsdóttir starfandi félagsmálastjóri er sérstaklega boðin velkomin.

Dagskrá:

1.-2. Ársreikningur Félags- og skólaþjónustunnar 2016

Stjórnin staðfestir og undirritar ársreikning 2016 og vísar til aðalfundar. Stjórnin þakkar forstöðumönnum beggja deilda fyrir góðan rekstur árið 2016.

3. Starfsmannamál félagsþjónustu.

Tillaga félagsmálastjóra um ráðningu starfsmanns tímabundið í félagslega heimaþjónustu samþykkt.

4. Starfsmannamál skólaþjónustu.

Stjórnin samþykkir fyrir sitt leyti 60% stöðugildisaukningu við Skólaþjónustudeild á grundvelli rökstuðnings Eddu Antonsdóttur. Stjórnin telur ekki þörf á að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlun 2017 að svo komnu máli, þar sem ekki hefur tekist að ráða í stöðu talmeinafræðings og því skapast fjárhagslegt svigrúm.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:00